


THORBJØRN EGNER

100 ÁR

Samstarf Egners við Þjóðleikhúsið var gott og langt. Hann teiknaði leikmyndir og búninga fyrir frumuppfærslur verka sinna í Þjóðleikhúsinu og kom til landsins vorið 1961 er sýningum var að ljúka á *Kardemommubænum* og er myndin hér við hliðar tekin við það tækifæri. Þegar sviðsetningin var endurvakin 1965 stofnaði hann sjóð fyrir listamenn við Þjóðleikhúsið sem hefur styrkt þá marga til utanfara. Þegar Egner var orðinn aldraður gaf hann til allrar framtíðar höfundarlaun sín af sviðsetningum verka sinna til Þjóðleikhússins og skyldu þau renna til Egner-sjóðsins.



Thorbjørn Egner fæddist í einu af eldri hverfum Oslóar árið 1912. Hann var menntaður í myndlist og starfaði lengi við auglýsingagerð og myndskreytingar. Snemma á stríðsárunum fór Egner að semja sögur fyrir börn. Hann átti að baki yfir tuttugu barnabækur þegar sagan um *Kárius og Baktus*, kom út í Noregi 1949. Egner heillaðist ungur af leiklist, samdi leikþætti og bjó til leikbrúður þegar á námsárum sínum. Bækur hans urðu til þess að hann var ráðinn við barnatíma norska ríkisútvarpsins 1946. Þar heyrðust raddir þeirra Káriusar og Baktusar, Mikka refs og Soffiu frænku fyrst.

Egner var fjölhæfur maður. Hann skrifaði sögur og leikrit, samdi vísur og sönglög, teiknaði og málaði myndir í bækur sínar og leikmyndir og búninga fyrir sviðsetningar á verkum sínum. Hann tók einnig saman lestrarbækur fyrir skóla og var mikilvirkur þýðandi. Þegar sögur hans tóku að umbreytast í leiksýningar í Noregi seint á sjötta áratug 20. aldar var Egner allt í öllu; teiknaði búninga, hannaði leikmynd og bjó til plaköt.

Thorbjørn Egner lést á aðfangadag jóla árið 1990 og átti þá að baki fjölskrúðugan feril. Þá var hann löngu orðinn þjóðkunnur maður í heimalandi sínu og vinsæll víða, m.a. hér á landi. Verk hans og persónur lifa góðu lífi eins og sviðsuppfærslur Þjóðleikhússins á *Dýrunum í Hálsaskógi* og *Káriusi og Baktusi* árið 2012 sýna.


KARDEMOMMUBÆRINN



Egner gerði sjálfur kynningarveggspjald fyrir frumuppfærslu Þjóðleikhússins á *Kardemommubænum* 1959 auk þess að teikna leikmynd og búninga.



Leikarar í sviðsmynd Egners í frumuppfærslu Þjóðleikhússins á *Kardemommubænum* 1959. Fyrir miðju er Róbert Arnfinnson í gervi Bastians bæjarfógeta. Ljósmynd: Vignir/Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni.



Premur árum eftir frumflutning á *Kardemommubænum* í Osló árið 1956 var leikritið frumflutt í Þjóðleikhúsinu undir leikstjórn Klemenzar Jónssonar. Allir helstu starfskraftar Þjóðleikhússins tóku þátt í sýningunni. Barnasýningar höfðu frá upphafi verið fastur liður í starfi hússins. Sagan var þekkt á Íslandi sem framhaldssaga í barnatíma útvarpsins sem öll börn hlustuðu á. Verkið var sýnt í tvö leikár til vors 1961 við miklar vinsældir. Hefur sú sviðsetning verið endurtekin nokkrum sinnum síðan og telja verður *Kardemommubæinn* ástsælasta verk Þjóðleikhússins í rúmlega 60 ára sögu þess.

Ríkisútvarpið hljóðritaði verkið 1961 og kom það út á hljómplötu 1970. Þar má heyra alla þá sem komu að sýningunni í upphafi og er upptakan til marks um þann þroska sem íslenskir leikarar höfðu þá náð í list sinni. Hér komu saman menntaðir leikarar eins og Róbert, Ævar og Bessi í hóp með áhugaleikurunum á borð við Emilíu, Lárus og Valdimar sem höfðu ílenst í atvinnumennsku vegna hæfileika sinna. Er upptakan löngu orðin sigilt verk í íslenskri leiklistarsögu. Hefur þeim listamönnum sem farið hafa í spor þessa hóps reynst erfitt að fylgja honum eftir.



Ævar Kvaran, Bessi Bjarnason og Baldvin Halldórsson í hlutverkum ræningjanna Kaspers, Jespers og Jónatans.

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI



Baldvin Halldórsson sem Marteinn skógarmús, Bessi Bjarnason sem Mikki refur og Árni Tryggvason sem Lilli klifurmús í frumuppfærslu Þjóðleikhússins 1962.



Ævar R. Kvaran sem Hérastubbur bakari, Gísli Alfreðsson sem bakaradregurinn og Þórarinn Eldjárn, Björn Thors og Guðrún Antonssdóttir í frumuppfærslu Þjóðleikhússins 1962. Ljósmyndir: Óli Páll/Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.



Í *Dýrunum í Hálsaskógi* eins og í *Kardemommubænum* er sagan einföld og skýr, gamansöm og spennandi. Boðskapurinn er einfaldur: „Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir“. Upphaflega hét verkið *Lilli klifurmús og dýrin í Hálsaskógi*. Það er tveimur árum eldra en *Kardemommubærinn*, frá 1953. Flestallir þeirra listamanna sem komu að sviðsetningu Þjóðleikhússins á verkinu 1962 höfðu tekið þátt í *Kardemommubænum*. Klemenz Jónsson var enn við stjórnvölinn og eins og áður voru það Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpálæk sem sneru verkinu á íslensku. Sviðsetning Þjóðleikhússins á *Dýrunum í Hálsaskógi* í nóvember 1962 var heimsfrumsýning þar sem leikarar fóru með hlutverkin, en áður hafði verkið verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi. Dýrin í Hálsaskógi urðu ekki síður vinsæl meðal íslenskra leikhúsgesta en *Kardemommubærinn* og var sviðsetningin endurvakin nokkrum sinnum með leikmynd og búningum Egners. Hljóðritun var gerð 1966 á vegum Ríkisútvarpsins.



KARÍUS OG BAKTUS

Bræðurnir *Kárius* og *Baktus* komu við sögu í fyrstu bók Egners árið 1940. Hann notaði þá síðar sem persónur í lítinn leikpátt í barnatímann hjá norska ríkisútvarpinu og loks rötuðu þeir á bók 1949. Brúðumynd var gerð eftir sögunni í Noregi 1954. Sama ár kom bókin út litprentuð á vegum Thorvaldsenfélagsins á Íslandi, en litprentaðar bækur voru þá fátiðar hér á landi. Þegar bókinni var breytt í leikpátt og hann fluttur í barnatíma Helgu og Huldu Valtýsdætra í íslenska ríkisútvarpinu slógu þeir bræður í gegn. Leikstjóri var Hulda Valtýsdóttir en Helga Valtýsdóttir og Sigríður Hagalín léku bræðurna, fyrst á sviði Háskólabíós á vegum Leikfélags Reykjavíkur í nóvember 1961. Leikpátturinn var tekinn upp af Sjónvarpinu á fyrstu árum þess með Sigríði Hagalín og Borgar Garðarsson í hlutverkum bræðranna. Leikpátturinn um þá bræður hefur á síðustu árum átt miklum vinsældum að fagna á sviðum leikhúsa, m.a. tvisvar í Þjóðleikhúsinu. Kárius og Baktus er hreint áróðursverk fyrir tannhirðu. Reyndar ganga Norðmenn svo langt að fullyrða að sagan og þó einkum kvikmyndin hafi gerbreytt lýðheilsu þar í landi með bættri tannhirðu. Og uppreisnarmenn allra tíma þekkja hið kunna ákall: „Gerð' ekki eins og mamma þín segir, Jens!“

SÍGLAÐIR SÖNGVARAR



Síglaðir söngvarar í Þjóðleikhúsinu 1968. Flosi Ólafsson sem trommuslagarinn, Margrét Guðmundsdóttir sem Kari, Jón Júlíusson sem Sívert, Bessi Bjarnason sem Andrés og Árni Tryggvason sem trompetleikarinn.



Síglaðir söngvarar voru frumsýndir í Noregi 1967 og teknir til sýninga hjá Þjóðleikhúsinu 1968. Efnið í leikritinu hafði sumt heyrst áður í barnatímunum hjá Egner, árum eða jafnvel áratugum fyrr. Ólíkt því sem er í hinum verkunum þremur er hér lítið um átök eða spennu. Eftir standur boðskapur Egners um gildi lífsgleðinnar. Hljóðritun af verkinu var gerð í Ríkisútvarpinu 1973. Var það síðasta verk Egners sem frumflutt var í Þjóðleikhúsinu.